

Reykjavík, 8. september 2016

Til skráðra skjólstæðinga minna við Heilsugæsluna Efstaleiti

Í nóvember n.k. verð ég 70 ára og samkvæmt lögum ber mér við þau tímamót að ljúka störfum við heilsugæsluna. Það er mér gleðiefni að tilkynna að náðst hefur samkomulag um að Ingibjörg Hilmarsdóttir, sérfræðingur í heimilislækningum, muni taka við þeim skjólstæðingum sem skráðir hafa verið í samlag hjá mér. Hún hefur störf nú í september.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka samfylgdina, sem við mörg ykkar hefur varað í 36 ár, fyrst við heilsugæsluna í Fossvogi en frá aldamótum í Efstaleiti.

Með kærri kveðju,

Katrín Fjeldsted.
Katrín Fjeldsted, læknir